

Nr. 155 / 13 Fernanda***Eldur í vélarúmi og skipið yfirgefið***

IMO.nr. 7806025
Fánaríki Dominica
Smíðaður: Spánn 1981
Stærð: 2576 BT GRT 1124
Mesta lengd: 74,7 m
Breidd: 14,2 m Dýpt: 9,7 m
Vél: Alpha Diesel 1760 kW, 1987
Fjöldi skipverja: 11

Gögn:
Gögn RNS



Fernanda©Óli Ragg

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. september 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 30. október 2013 var frystiskipið Fernanda á siglingu suður af Vestmannaeyjum. Veður: A læg um 27 m/s (meðalvindhraði á Stórhöfða) og um 4 m alda.

Fernanda var ekki með farm um borð og á leið til Sandgerði til lestunnar á loðdýrafóðri. Um kl. 12:30 þegar skipið var stutt um 18 sml suður af Heimaey gaf brunaviðvörðunarkerfi merki um að eldur væri í vélarúmi og stuttu seinna drap aðalvél á sér. Við athugun kom í ljós að opinn eldur var bakborðsmeginn í vélarúminu.



Eldur í skorsteini og yfirbyggingu©LHG

Samkvæmt framburði skipstjóra höfðu skipverjar lokað öllum opum á vélarúminu og hleypt CO₂ (kolsýru) slökkvikerfi á rýmið en án árangurs. Hann taldi að skipverjar réðu ekki eldinn og óskaði eftir aðstoð LHG við að koma áhöfn frá borði.

Tvær þyrlur LHG voru kallaðar út ásamt björgunarsveit og slökkvilið Vestmannaeyja með reykköfunarbúnað. Björgunarskipið Þór og dráttarbáturinn Lóðsinn lögðu úr höfn frá Vestmannaeyjum til skipsins.

TF-GNA kom að flutningaskipinu kl. 14:35 og TF-LÍF skömmu síðar. Skipverjar höfðu þá yfirgefið íbúðarými og voru á þilfari. Vel tókst að bjarga öllum frá borði í þyrlurnar og var flogið með skipverjana til Reykjavíkur.

Dráttarbáturinn Lóðsinn kom að skipinu um kl. 16:30 og hóf strax að sprauta með slökkvibúnaði á brunasvæði Fernanda. Varðskipið Þór lagði af stað úr Reykjavík og var kominn að skipinu um kl. 21:15 og hóf strax slökkviaðgerðir.

Þann 31. október fóru fimm varðskips- og slökkviliðsmenn frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins um borð í Fernanda með aðstoð þyrlu til að undirbúa skipið til að draga það til hafnar. Eldur var þá ennþá í skipinu.

Skipið hafði rekið til norðvestur og var statt um 25 sjómílur suður af Grindavík þegar varðskipið tók Fernanda í tog áleiðis til Hafnarfjarðar.

Skipin komu til Hafnarfjarðar að morgni 1. nóvember og var Fernanda tekin að bryggju en eldur var það mikill ennþá að ákveðið var að fara með það úr höfninni aftur.



Varðskipið Þór að slökkvistörfum ©LHG

Varðskipið Þór var með skipið á reki utan á Faxaflóa þ.e.a.s. utan skilgreindra svæða vegna mengunarhættu til 6. nóvember þegar ákveðið var í samráði við Faxaflóahafnir að skipið yrði tekið að bryggju á Grundartanga.

Þann 18. desember var skipið tekið á land í Helguvík þar sem það var rífið.

Fánaríki Fernanda er Dóminíska lýðveldið og var rannsókn á atvikinu á þeirra vegum.

NIÐURLAG Á VEF

Bruninn í Fernöndu 2013

Skýrsla rannsóknaraðila hjá Dóminíska lýðveldinu vegna brunans í flutningaskipinu Fernöndu (IMO 7806025) þann 30. október 2013 er lokið. Skýrsluna má sækja á PDF formi á ensku hér.

